



ÚTLIT HORFT Í NORD VESTUR



LOFTMYND AF SVÆÐI


Tillagan gerir ráð fyrir sex íbúðareiningum í fimm deildum og er heildarstærð bygginga í samræmi við uppgefnar stærðir fyrir samkeppnina. Tvær deildir eru staðsettar í núverandi byggingu sem er endurnýjuð. Þar er gert ráð fyrir vistlegum íbúðum með útskotsbyggingu og stórum glugga- og hurðafötum sem opnast út á litla grasflöt í öllum íbúðum. Þessar litlu viðbyggingar falla að burðarkerfi og gluggasetningu núverandi byggingar að nánast öllu leiti og er einfalt að leysa mögulega tilfærslu á burði með bitum yfir nýjum gluggum.

Opnað eru upp í núverandi gluggaband á vegg efst á þaki sem veitir ofanbirtu inn í íbúðirnar og er núverandi háreist og hallandi þak áhugavert mótvægi við nýju útskotsbyggingarnar sem eru lágreistari. Á göngum núverandi byggingar er gert ráð fyrir stækkun og fjölgun þakglugga. Núverandi sólstofur í vestur og austurenda hússins eru endurnýjaðar og stækkaðar og nýttast sem setustofa og sameiginlegt eldhús íbúa með góðu útsýni frá báðum rýmum.

Á milli íbúðarálma við tengingang að heilsugæslu er gert ráð fyrir þremur sjúkrarýmum og gerir það samnýtingu starfsfólk frá íbúðareiningum mögulega. Sýnd er tillaga að tvíþýli á grunnmynd við aðalinngang en gert er ráð fyrir að hægt sé að opna á milli allra íbúða svo þær henti tveimur íbúum.


Í nýrri viðbyggingu er gert ráð fyrir þremur íbúðareiningum með sex íbúðum í hverri. Íbúðareiningarnar eru L laga til að gera skipulag þeirra þétt og samnýtanlegt. Allar íbúðir í kjallara eru með aðgang beint út á lóð og gott útsýni til suður og vesturs. Gert er ráð fyrir setustofu, eldhúsi og aðstöðu starfsfólks í miðju herrar einingar sem kemur í veg fyrir langa ganga og veitir starfsfólki betri yfirsýn.

Eln íbúðar eining er í kjallara en þar eru einnig þjónusturými eins og eldhús. Sérstakur inngangur er í kjallara, bæði fyrir íbúa en einnig fyrir aðföng, matvöru og þjónustu. Sorpskýli er við akfæran stig niður að inngangi og því vel aðgengilegt bæði frá eldhúsi í kjallara og frá aðalinngangi á 1. hæð. Einnig er gert ráð fyrir möguleika á sorpgeymslu í tengslum við inngang í kjallara. Aðkoma sjúkrabíls getur bæði verið að aðalinngangi en einnig að inngangi í kjallara þar sem gert er ráð fyrir líkhúsi. Í kjallara er gert ráð fyrir kapellu en stórir gluggaletir og fallett útsýni gera hana að góðum stað fyrir hugleiðslu og íhugun auk kirkjulegra athafna eins og kistulagningar. Þannig getur hún nýst heimilsfólki og gestum þeirra betur.




AFSTÖÐUMYND 1:2000

2986082



ÚTLIT VESTUR




ÚTLIT AUSTUR




ÚTLIT SUÐUR




ÚTLIT NORÐUR



B



A



C

SNEIDINGAR 1:200



SETUSTOFA Á 1. HÆÐ




HORFT Í VESTUR - ADALINNGANGUR



HORFT Í SUÐUR



ÍBÚÐIR OG GARDUR Í ELÐRI BYGGINGU



DÆMI UM ÍBÚÐIR Í ELÐRI BYGGINGU - EINBÝLI OG TVÍBÝLI


Á jarðhæð nýbyggingar (2. hæð á mótinu suðri og vestur) eru tvær L laga íbúðarálmur sem snúa á mótinu hver annari og er því hægt að sameina setustofu og sameiginleg rými auk þess sem hægt er samnýta starfsfólk á einfaldan hátt. Gert er ráð fyrir háreistri glerbyggingu að hluta yfir sameiginlegum rýmum sem teygir sig inn í bygginguna, upp á þak og opnar þannig fyrir birtu og dagsljósi. Einnig eru opnanlegir fletir á glerbyggingunni á mótinu suðri og út á stórar svalir. Á góðum dögum er hægt að stækka setustofuna þangað út. Allar íbúðir jarðhæðar eru annaðhvort með eigið útsvæði (í suðaustur) eða svalir (í suður og vestur). 70% íbúðanna hafa grasflöt beint út úr íbúðinni. 30% íbúða er með rúmgóðar svalir úr íbúðum sínum og frábært útsýni. Allar álmur í nýbyggingu hafa möguleikann á séringangi auk tengingar við aðalinnangang í miðju byggingar.

Heildarform nýbyggingarinnar og skali er í samræmi við núverandi byggingar og fellur vel að umhverfinu. Staðsetning og form íbúðareininga er ákvörðuð með tilliti til sólargangs, útsýnis og tenginga við umhverfið. Einnig myndar nýbyggingin skjólgott svæði fyrir ríkjandi vindáttum sem eykur gæði svæðisins til útivistar.

Bæði nýjar íbúðir í núverandi byggingu og íbúðir í nýbyggingu eru af nettó stærðinni 28-30 m². Bæðar íbúðargerðir eru heimilislegar og skiptast í lauslega í svefnhluta og daghluta þó hægt sé að nýta rýmin á ýmsan hátt. Bæðar íbúðargerðir hafa stóra gluggafletti sem eru tvískiptir, annarsvegar gluggi og hurð en hinsvegar útskotsgluggi og er gott útsýni frá rúmi og útum glugga. Gert er ráð fyrir að hluti milliveggja sé léttur og því hægt að opna á milli eininga og búa til tvíbýli sem eru í kringum 56 m² stór.

Aðkoma og inngangur á 1. hæð er á sama stað og núverandi inngangur er í dag en það er í miðju bygginganna. Gengið er inn í anddyri og opið rými fyrir dagdvöl og iðjuþjálfun en opnir gluggafletir tengja inngang austan megin við stórbrotið útsýni og sjóinn vestan megin. Stigi og lyfta eru á saman stað og í núverandi byggingu en eru endurnýjuð og ganga frá kjallara og upp á 2. hæð þar sem eru skrifstofa, aðstaða starfsmanna, sjúkráþjálfun og aðstaða sérfræðinga.


Sjúkráþjálfunin getur þannig nýtt þakflöt til æfinga og útivistar auk þess sem gert er ráð fyrir gróðurkerjum á þaksvæði þar sem hægt er að rækta matjurtir fyrir eldhús íbúa eða aðrar jurtir og blóm. Þannig er líka hægt að nýta þakflötin fyrir notendur dagdvalar. Gengið er út á þak frá búningsherbergi starfsmanna og geta þeir því byrjað eða enda vinnudag sinn á því að setjast út á þaksvæðið á góðum degi og notið útsýnisins.



ENDURGERÐ NÚVERANDI BYGGINGAR - SVARTAR LINUR ERU NÚVERNADI BYGGING BRÚNAR LINUR ERU NÝJAR ÚTFÆRSLUR



ÚTLIT ÍBÚÐA Í NYBYGGINGU VIÐ AÐALINNGANG



DÆMI UM ÍBÚÐIR Í NYBYGGINGU - EINBÝLI OG TVÍBÝLI



HERBERGI Í ELÐRI BYGGINGU




HERBERGI Í NYBYGGINGU



HORFT ÚT Á ÞAKGARD FRÁ SJÚKRÁÞJÁLFUN Á 2. HÆÐ



GRUNNMYND 1.HÆÐ - 1:200



AFSTÖÐUMYND - 1:500




GRUNNMYND KJALLARI - 1:200

Burðarkerfi nýbyggingar er blanda af steiptum veggjum og forsmíðuðum timburgrindum sem reistar eru á steiptum sökkli. Gert er ráð fyrir að bakveggur kjallara sé steypur austanmegin sem stöðveggur við jarðveg. Timburgrindurnar eru einangraðar og klæddar með hitameðhöndluðum furuborðum sem er umhverfisvæn útfærsla. Burðargrind þaks eru meðhöndlaðir limtrésbitar sem eru sýnilegir í íbúðum og gefa þeir hlýlegan blæ.

Gert er ráð fyrir að þakfletir séu lagðir torfi á þeim hluta sem ekki er hægt að ganga á. Torfið verður þá hluti af einangrun hússins auk þess að vera hluti af ofanvatnslausnum svæðisins með því að dempa áhrif regnvatns á frárennsli. Hluti innvegja og loft á milli bita er klætt með hitameðhöndluðum furuborðum en aðrir veggir eru annaðhvort steypir, sandsparslaðir og hvítmálaðir eða léttir hvítmálaðir gífsveggir.

Áhersla á timburútlit hússins tónar fallega við núverandi byggingar sem eru ljósar og steinsteypar. Burðargrind útskotseininga við núverandi hús eru forsmíðaðar timburgrindur með sömu klæðningu og nýbygging og gefur það núverandi byggingu fallegan og hlýlegan svip á það án þess að breyta upprunalegu útliti þess of mikið. Þannig tengjast núverandi byggingar og nýbygging saman í efnisvali og formum. Efnisvalið byggir á því að ná fram hagkvæmni og vistvænum áherslum fyrir bygginguna en forsmíðaðar timbureiningar úr umhverfisvottaðri skógrækt eru með lítið kolefnisfótspor miðað við mörg önnur efni. Gert er ráð fyrir góðri nýtingu og endurnýjun á núverandi byggingum sem minnkar fótspor nýbyggingarinnar á löðinni og því hægt að nýta sólríkan hluta hennar til útivistar og ræktunar.

Á löðinni er gert ráð fyrir garðskálum fyrir fjölbreytta notkun. Henta þau vel til matvælaræktunar eða fyrir viðburði og tónleika á sumrin. Gott aðgengi er úr öllum íbúðum og íbúðarálum að útisvæðum og stígum auk þess sem innbyrðist tengingar eru góðar bæði utanhúss og innan. Áhugavert er að nýta útisvæði og torg við aðalíngang fyrir breytilegar sýningar á útlitaverkum



GRUNNMYND 2.HÆÐ - 1:200